

Samstarfssamningur milli Ísafjarðarbæjar og Kómedíuleikhússins á Ísafirði.

Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Kómedíuleikhúsið kt. 640401-2650, Túngötu 17, Ísafirði, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning til tveggja ára, á grundvelli þess, að Kómedíuleikhúsið er eina atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum.

Samstarfssamningurinn byggir á þeirri samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, að Ísafjarðarbær greiðir Kómedíuleikhúsinu árlega næstu tvö árin fasta fjárhæð kr. 2.750.000.- á ári, sem grundvallast á neðangreindum atriðum.

1. liður.

Samstarfssamningurinn gildir fyrir árin 2010 og 2011.

2. liður.

Í samningnum er skilgreind fjárhæð kr. 1.400.000.-, vegna verkefna, sem unnin eru af Kómedíuleikhúsinu við hátíðahöld 17. júní, framkomur í skólum og á Bæjar- og héraðsbókasafni. Kómedíuleikhúsið sér til þess að grunn- og leikskólabörn í Ísafjarðarbæ fái eina leiksýningu á ári. Þá mun leikhúsið áfram standa að húslestri á Bæjar- og héraðsbókasafninu. Greiðist í 12 jöfnum greiðslum hvort ár.

3. liður.

Í samningnum er skilgreind fjárhæð kr. 360.000.-, vegna leiklistarnámskeiðs sem Kómedíuleikhúsið tekur að sér að halda í Félagsmiðstöð Ísafjarðarbæjar og setur á svið eitt leikrit árlega með leikhópi félagsmiðstöðvarinnar. Greiðist í 3 jöfnum greiðslum september, október og nóvember hvort ár.

4. liður.

Í samningnum er skilgreind fjárhæð kr. 990.000.-, vegna leikstjórnar og faglegs starfs Morrans. Í því felst m.a. ráðning og samningu við leikstjóra og utanumhald um veru hans og störf. Uppbygging og framtíð Morrans, faglegt val og undirbúningur sumarstarfs, skipulag, stjórnun, umsjón með búningum og öðrum eigum Morrans. Frágangur að hausti.

Ísafjarðarbær sér um að auglýsa eftir og ráða leikara. Ísafjarðarbær sér um að greiða leikurum laun og Vinnuskólinn sér um að ganga frá vinnutímaskýrslum til launadeildar auk þess sér Ísafjarðarbær leikhópnum fyrir æfingaraðstöðu yfir sumartímann. Greiðist í 3 jöfnum greiðslum, júní, júlí og ágúst hvort ár.

5. liður.

Tvisvar á ári skili Kómedíuleikhúsið til íþrótt- og tómskundanefndar atburðaskrá fyrir liðið tímabil.

Íþrótt- og tómskundafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur umsjón og eftirlit með samstarfssamningi þessum og er fulltrúi Ísafjarðarbæjar gagnvart Kómedíuleikhúsinu, en fulltrúi þess er Elfar Logi Hannesson.

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu, þó komi uppsögn ekki til framkvæmda á tímabilinu maí-september, sem er aðal starstími Morrans.

6. liður.

Samningur þessi rennur úr án uppsagnar í árslok 2011. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði.

Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Til staðfestu á þessum tvíhliða samstarfssamningi rita fulltrúar aðila undir hann í viðurvist tveggja votta.